

Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra Fundargerð

37. fundur Úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra, haldinn fimmtudaginn 7. nóvember 2024, kl. 9:30, á Teams.

Mætt til fundar: Ragnhildur Haraldsdóttir, formaður, Hildur Þóra Magnúsdóttir, formaður fagraðs atvinnuþróunar og nýsköpunar og Elín Lilja Gunnarsdóttir, formaður fagraðs menningar.

Einnig sátu fundinn Sveinbjörg Rut Pétursdóttir og Guðlaugur Skúlason, starfsmenn SSNV.

Formaður nefndarinnar stýrði fundi.

Dagskrá:

1. Starfsreglur úthlutunarnefndar

Farið var yfir starfsreglur nefndarinnar.

2. Úthlutunarreglur og matsblað f. 2025

Farið yfir matsblað og úthlutunarreglur f. 2025.

3. Hæfi/vanhæfi fulltrúa í úthlutunarnefnd

Farið yfir gögn um hæfi og vanhæfi.

4. Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra – umsóknir 2024

Alls bárust 130 umsóknir um styrki þar sem óskað var eftir rúmlega 242 milljónum króna. Nefndin fór yfir umsóknirnar og athugaði hvort öllum formskilyrðum væri fullnægt.

Niðurstaðan var sem hér segir:

Umsókn nr. 25110. Umsókn vísað frá þar sem framkvæmd verkefnis fer fram á árinu 2024, sbr. 9 grein í úthlutunarreglum sjóðsins.

Umsókn 25023 færist til fagraðs menningar til stigamats vegna vanhæfis nefndarmanns í fagraði atvinnu- og nýsköpunar.

Að því loknu var öðrum umsóknum vísað til umfjöllunar í viðkomandi fagraði.

Nefndin beinir því til fagraðs menningar að miða við 10 millj. kr. í stofn- og rekstrarstyrki.

5. Verkferlar við mat á umsóknum

Farið yfir verkferla fagraða við mat á umsóknum.

6. Dagsetningar næstu funda

Samþykkt að næsti fundur úthlutunarnefndar verði fimmtudaginn 28. nóvember 2024, kl. 10:00, á Skagaströnd.

7. Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð upplasin og samþykkt. Fundi slitið kl. 10:55.

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, fundarritari